

Bættur námsárangur
Átaksverkefni í lestri og stærðfræði

Stefna og áætlun
Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar
2015-2016



Ábyrgð - Árangur – Ánægja

Lestrarstefna Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Veturinn 2015 – 2016

Bættur námsárangur – átaks verkefni í lestri og stærðfræði

Allir kennarar GF hafa sammælt um að þeir beri ábyrgð í lestrarþjálfun nemenda og vilja aðstoða nemendur við að ná betri árangri í lestri. Kennarar hafa ígrundað átaksverkefnið vel, skoðað hvað er verið að gera í skólanum og möguleg sóknarfæri á næsta skólaári. Þeir hafa skoðað tillögur starfsfólks SKA um þéttari mælingar á árangri í lestri og eru tilbúnir til samvinnu við þá um þann þátt. Mikilvægt er að kennarar fái nægan tíma í B-þætti vinnumats til samráðs og úrvinnslu mælinga og að samráðstíminn verði festur í töflu eða fundaáætlun. Leggja þarf áherslu á að kynna verkefnið fyrir foreldrum strax í upphafi skólaárs og fá þá með í átakið. Einnig þarf að hafa samráð við leikskólann og skoða möguleika á samstarfi um „byrjendalæsi“.

Lestrarstefna á Yngsta stigi, 1. - 3. bekkur

Kennt er eftir Byrjendalæsi sem er læsiskennsluaðferð sem leggur áherslu á fjölbreytta nálgun lestrar og ritunar. Fylgst er náið með framvindu lestrar og gripið strax inn í ferlið ef grunur er um lestrarerfiðleika. Nemendur fá þá aukna þjálfun í þeim þáttum sem þeir eiga í erfiðleikum með.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er nálgun eða samvirk aðferð í byrjendakennslu í lestri í fyrstu bekkjum grunnskóla.

- Unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun sem eina heild. Einnig eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.
- Börn þurfa að fá lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýnnar hugsunar.
- Fjölbreyttur gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslu og unnið er með stafi, hljóð, orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti sem gagnast við lestur, ritun og til að efla skilning og orðaforða (Rósa Eggertsdóttir, 2009).

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Tæknileg vinna með letrið og hljóðin fer fram innan orðaforða textans á hverjum tíma. Eftir því sem færni nemenda eykst er markvisst stutt við sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum. Gengið er út frá því að lestrarkennsla fari fram tvisvar til þrisvar á dag, fimm daga vikunnar, að lágmarki í 90 mínútur á dag. Þvert á þrepin þrjú á sér stað mikill lestur nemenda.

Mikið er lagt upp úr félagastuðningi nemenda í lestrarnámi og því vinna þeir oft í hópum. Leikir og spil tryggja samskipti þar sem nemendur styðja hvern annan og keppa að því að ná árangri. Þar eru hlutverk og reglur sem fara þarf eftir. Nemendur verða virkir þátttakendur og námið verður skemmtilegt. Kennarar semja kennsluáætlun fyrir hverja viku (Rósa Eggertsdóttir, 2009, bls. 4).

Nánari lýsing á þrepunum þremur:

1. Inntak texta
 - Gæðatexti, upplestur, umræður, upprifjun og þáttökulestur.
2. tæknilegir þættir lestrarnáms
 - Sundurgreinandi og samtengjandi viðfangsefni. Hljóðvitund, skoðun á ritmáli, starfir, orðhlutar, orð og lykilorð.
3. Enduruppbygging merkingar
 - Leiðbeinandi lestur – sjálfstæður lestur, ritun stafa, orða og setninga. Nýr texti saminn. Með sögugerð eða tjáningu.

Í stofu: Markmið er að allir nemendur lesi daglega í skólanum.

Forgangur, allir nemendur með greiningar eða sem sýna merki um lestrarerfiðleika lesa fyrir stuðningsfulltrúa/sérkennara á hverjum degi. Auk þess að svara spurningu úr efni textans og rita orð úr texta eftir upplestri.

Sérkennsla: Nemandur í 1. – 3. bekk sem ekki hafa náð viðunandi mállegri færni eða viðunandi árangri í lestrarkunnáttu (umskráningu, hraða og lesskilningi) eða ritun (stafagerð, skrift og stafsetningu) býðst sérkennsla inni í bekk, í fámennum hópi eða í sérkennsluveri. Megináhersla er lögð á að örva mállega færni, kenna tækni við umskráningu, lesskilning, stafsetningu og stafagerð. Leitað er eftir samvinnu við heimili nemenda og gerð er einstaklingsnámsskrá til að vinna eftir, til að sem bestur árangur náist.

Námsumhverfi: Skólastofunni er skipt í svæði sem þjóna mismunandi hlutverkum: Heima stöð, lestrarstöð og ritunarstöð og kósýhorn eru dæmi um slík svæði. Reynt er að hafa kósýhornið sem notalegast. Þar eru sófi, púðar, sessur og bókahilla með úrvali af fjölbreyttum bókum sem skipt er út reglulega. Hluti bókana tengist þeim gæðatexta sem unnið er með hverju sinni.

Verkefni nemenda eru höfð sýnileg og skipt út reglulega. Aðstaða er góð fyrir hlustun/áhorf í kósýhorni, skjávarpi, tölvur og ipad. Kennslugögn eru sýnileg og aðgengileg.

Samstarf við heimili – heimanám

Í upphafi lestrarnáms er mikilvægt að barnið sé aðstoðað við heimalestur. Nauðsynlegt er að lesa heima að minnsta kosti 5 daga vikunnar í 10-15 mínútur í senn. Halda skal skrá yfir allan heimalestur. Ef barnið á ertitt með lestur má lesa til skiptis. Ganga þarf úr skugga um að börn skilji það sem þau eru að lesa eða það sem lesið er fyrir þau, þ.e. að rætt sé um textann og orð útskýrð.

Viðmið varðandi lestrarhraða, rétt lesin atkvæði á mínútu

Bekkur	Atkvæðafjöldi
1. bekkur	30 - 80
2. bekkur	60 -130
3. bekkur	110 - 170

Skimanir og próf

1. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
Skólabyrjun	Starfapækking og umskráningarferli	munleg	Allir nemendur prófaðir	Umsjónar-kennarar
1.-10. okt.		Leið til læsis	Allir nemendur prófaðir Skólaskrifstofa fyrir 1. Nóv. HA	Umsjónar-kennarar
9. – 20. nóv.		Læsi 1. hefti	Allir nemendur prófaðir Skólaskrifstofa fyrir 1. Des. HA	Umsjónar-kennarar
Janúar byrjun		Hraðlestur	Allir nemendur prófaðir Námsmat haustönn	Umsjónar-kennarar
1.-12. febrúar		Læsi 2. hefti	Allir nemendur prófaðir Skólaskrifstofa fyrir 26. Febrúar HA	Umsjónar-kennarar
11. -22. apríl		Læsi 3. hefti	Allir nemendur prófaðir Skólaskrifstofa fyrir 9. Maí HA	Umsjónar-kennarar
		Hraðlestur	Allir nemendur prófaðir Námsmat vorönn	Umsjónar-kennarar

2. bekkur

Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
9. -20 nóv.	Lestækni	Læsi 1. hefti	Allir nemendur prófaðir Skólaskrifstofa fyrir 1. Des. HA	Umsjónar-kennarar
janúarbyrjun	Leshraði	Raddlestrar próf	Allir nemendur prófaðir námsmat haustönn	Umsjónar-kennarar
1.-12. feb.	Lestækni	Læsi 2. hefti	Allir nemendur prófaðir Skólaskrifstofa fyrir 26. Feb. HA	Umsjónar-kennarar
11. -22. apr.	Lestækni	Lesmál	Allir nemendur prófaðir Skólaskrifstofa fyrir 9. Maí HA	
maí	Leshraði	Raddlestrar próf	Allir nemendur prófaðir. Námsmat vorönn	Umsjónar-kennarar

3. bekkur

Dagssetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
janúar	Leshraði	Raddlestrar-próf	Allir nemendur prófaðir Námsmat haustönn	Umsjónar-kennarar
janúar	Les-skilningur	Logos	Allir nemendur prófðaðir skil til skóla í febrúar	Skólaskrifstofa Austurlands
maí	Leshraði	Raddlestrar-próf	Allir nemendur prófaðir Námsmat haustönn	Umsjónar-kennarar

Lestrarstefna á Miðstigi, 4. – 6. bekkur

Hvað hefur verið gert:

Allir nemendur lesa daglega í 10-20 mínútur í hljóði. Tvisvar til þrisvar lesa þeir fyrir kennara eða stuðningsaðila. Þeir sem ekki hafa náð viðmiðunarmörkum lesa daglega í skóla með aðstoð, ýmist fyrir kennara, sérkennara eða stuðningsfulltrúa. Ætlast er til þess að nemendur lesi a.m.k. 4 sinnum í viku heima fyrir fullorðinn. Umbunarkerfi er notað til að kvetja til heimalesturs.

Bókakassi er hafður í stofu til að tryggja aðstoð við val á bókum og auka fjölbreyttni. Nemendur héldu lestrardagbók þar sem var kvittað fyrir heima- og skólalestri. Unnið var með niðurstöður í upplýsingatækni í myndriti. Að auki gerðu nemendur skriflega grein fyrir hverri lesinni bók. Yndishlustun fór fram í skriftartímum.

Í samfélagsgreinum var lesið yfir efni með nemendum, efnið rætt og farið yfir ákveðin hugtök til að tryggja skilning.

Nemendur 6. bekkjar lásu stuttar kjörbækur í ensku sem þeir gerðu grein fyrir bæði munnlega og skriflega. Auk þess að vinna mikið með leitarlestur í upplýsingatextum.

Mat á lestrarfærni:

Raddlestrar- og lesskilningspróf voru lögð fyrir tvisvar yfir veturinn.

Sóknarfæri:

Fjölbreyttari lestrarstundir eins og paralestu t.d. á tíma, þ.e. lesa í eina mín og merkja við hvað hægt er að komst langt, lesa aftur og sjá mun o.s.frv. Samlestur í litlum hópum, t.d. getuhópum. Nýta spjaldtölvurnar við lestur, tímatöku og upptökur á lestri

Nemendur 6. bekkjar verði lestrarvinir leikskólans og jafnvel í 1. bekk.

Nemendur 4.-5. bekkjar fá lestrarvini utan úr bæ.

Bókakynning á bókasafni þar sem ákveðinn aðili kynnir fjölbreyttar bækur lauslega og les valdar, áhugaverðar síður.

Prófa markvisst lesskilningaðferðir t.d. gagnvirkan lestur, púslaðferð (ath! fleiri aðferðir í bókinni Eflum lesskilning) í samfélagsgreinum og sérvöldum textum.

Skimanir og próf

4. bekkur

Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
Skólabyrjun	Raddlestrarhraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit
24. sept.		Samræmd próf	Allir nem. Undanþágur?	Stjórnemendur og umsjónarkennarar
2. vika í nóv.	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit
2. vika í jan.	Leshraði og lesskilningur	Raddlestrar- og lesskilningspróf	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit
2. vika í mars	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit
3. vika í maí	Leshraði og lesskilningu	Raddlestrar- og lesskilningspróf	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit

5. bekkur

Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
Skólabyrjun	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit
1.vika í okt.	Lesskilningur	Orðarún	Allir nem.	Umsjónarkennarar
2. vika í nóv.	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit
2. vika í jan.	Leshraði og lesskilningur	Frá SKA og umsjóanark.	Allir nem.	Umsjónarkennarar skrá, súlurit

2. vika í mars	Leshraði	Raddlestrar- hraði	Allir nem.	Umsjónar- kennarar skrá, súlurit
2. vika í apríl	Lesskilningur	Orðarún	Allir nem.	Umsjónar- kennarar
3. vika í maí	Leshraði og lesskilningur	Raddlestrar- og les- skilnings- próf	Allir nem.	Umsjónar- kennarar skrá, súlurit

6. bekkur

Dagsetning ar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
Skólabyrjun	Leshraði	Raddlestrar- próf	Allir nem.	Umsjónar- kennarar skrá, súlurit
1.-2. vika í okt.	Lesskilningur	Logos	Allir nem.	Starfsf. SKA
2. vika í nóv.	Leshraði	Raddlestrar- próf	Allir nem.	Umsjónar- kennarar skrá, súlurit
2. vika í jan.	Stöðupróf: Leshraði og les- skilningur	Raddlestrar- og lesskilnings- próf	Allir nem.	Umsjónar- kennarar skrá, súlurit
2. vika í mars	Leshraði	Raddlestrar- próf	Allir nem.	Umsjónarken- narar skrá, súlurit
3. vika í maí	Leshraði og lesskilningur	Raddlestrar- og lesskilnings- próf	Allir nem.	Umsjónarken- narar skrá, súlurit

Lestrarstefna í 7. og 8. bekk

Það sem við erum að gera:

Æfum upplestur og framsögn, tókum þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Með hlustunarefni fá nemendur þjálfun í réttri/faglegrí framsögn.

Yndislestur á morgnana í vinnutímum tvisvar í viku í u.þ.b. 15 mín. og heimalestur.

Stuðningur í lestri fyrir þá sem ekki hafa náð leshraðaviðmiðum.

Merking og notkun nýrra orða, orðasambanda og hugtaka kennd t.d. með notkun spila, s.s. Fimbulkamb.

Kennsla orðaforða í gegnum umræður og lestur fjölbreyttra texta s.s. bókmennta-, námsgreina-, dagblaða- og tímaritatexta.

Leitarlestur fer fram í mörgum greinum eins og íslensku, samfélagsgreinum og tungumálum.

Kjörbókalestur er hluti af bæði íslensku- og enskukennslu og nemendur gera grein fyrir textanum með mismunandi hætti, bæði munnlega og skriflega.

Sóknarfæri

Framsagnarþjálfun: Leiklestur – “skrautlestur” - er raddlestur lesinn með viðeigandi túlkun og skal lesarinn æfa sig að lesa textann áður en hann er fluttur. Framsögn er notuð í ýmsum tilgangi s.s. að taka próf í lestri (tungumál), að lesa upp fræðandi efni, að skemmta einhverjum með lestri.

Kennari les upp gæðatexta (bókmennir, fræðitexta), nemendur hlusta og rætt er um efni hans.

Ráðgjöf, stuðningur og aðhald í daglegu skólastarfi.

Aukin samvinna milli heimili og skóla.

Lestrardagbók

Leggja meiri áherslu á að kenna nemendum fleiri lestraraðferðir sbr: þegar verið er að lesa texta í samfélagsfræði/náttúrufræði og fleira.

Lestrarvinir.

Skimanir og próf

7. bekkur

Dagsetning ar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
sept.	Leshraði	Raddlestrarpróf Samræmt próf	Allir nem.	Skólastjórnendur og ísl.kennari
okt.	Leshraði Lesskilningur	Raddlestrarpróf, Orðarún	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari
des.	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari
mars	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari skrá, súlurit
apríl	Leskilningur	Orðarún	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari
maí	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari skrá, súlurit

8. bekkur

Dagsetning ar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
ágúst/sept.	Leshraði	Raddlestrar- próf	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari
okt.	Lesskilningur	Orðarún	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari
des.	Leshraði Framsögn	Raddlestrar- próf Framsagnarpr.	Nem. undir 8. Nem. yfir 8	Íslensku- og sérkennari
apríl	Lesskilningur	Orðarún	Allir nem.	Íslensku- og sérkennari skrá, súlurit
maí	Leshraði Framsögn	Raddlestrar- próf Framsagnarpr.	Nem. undir 8. Nem. yfir 8	Íslensku- og sérkennari

Lestrarstefna fyrir 9. og 10. bekk

Hvað höfum gert:

Í íslensku: Nem. lesa tvær heilar sögur yfir námsárið, eina fornsögu og eina nútímasögu, auk styttri sagna í námslotum (Skerpa 2 og 3). Allur texti er lesinn upp af nemendum áður en farið er í lesskilningsvinnu, textagreiningu og orðskýringar. Bæði kennari og nemendur spyrja spurninga úr texta.

Í ensku: Nem. lesa tvær kjörbækur, við hæfi hvers og eins, á önn og þurfa að gera grein fyrir efni þeirra með mismunandi hætti munnlega eða skriflega. Í grunnefni er mikið um leitarlestur.

Í dönsku er mikið um leitarlestur.

Í „vinnutímum“ tvisvar í viku er lesið í 15 mínútur í bókum að eigin val og/eða kjörbókum.

Í samfélagsfræði er heimalestur og síðan verkefnavinna í tímum, nokkurskonar vendikennsla samkvæmt lotum þar sem mismiklar kröfur eru gerðar á einstaklinga.

Heimildavinna: Á vorönn gera nemendur heimildaritgerð um efni að eigin val og fá tíma í verkefnið ásamt leiðsögn hjá kennurum bóklegra greina á US. Í verkefninu er mikil áhersla lögð á lestur í undirbúningsvinnunni.

Sóknarfæri:

- Kennarar á US hittist reglulega til að taka stöðuna og skipuleggja framhaldið.
- Setja markmið fyrir hvern einstakling um t.d. hraðaukning.
- Prófa markvisst lesskilningaáferðir t.d. gagnvirkan lestur, púslaðferð (ath! fleiri áferðir í bókinni Eflum lesskilning)
- Nemendur stýra lestri og lestraraðferð með ákv. efni t.d. í samfélagsgreinum og fáði þetta metið í námsmati.
- Lesa fréttir/greinar í tölvu og gera grein fyrir efni t.d. með örstuttum útdrætti. Má gera í tölvustofu eða ípad í vinnutímum og verði metið. Einnig má finna áhugaverða frétt eða frétt dagsins og kynna.
- Vinna með ákv. lestraþjálfunartexta (athuga hjá sérkennara eða hjá stuðningaaðilum SKA).

Skimanir og próf í 9. bekk

Dagsetning	Matspáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
Ág. des. og maí	Leshraði	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Stjórnendur/sérkennari
Sept.		Logos (í stað GRP14)	Allir nem.	SKA
Okt. og maí		Orðarún	Allir nem.	Íslenskukennari/sérkennari
Des. og maí	Framsögn	Framsagnarpróf	Allir nem.	Íslenskukennari/sérkennari

Skimanir og próf í 10. bekk

Dagsetning	Matspáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
Ág. des. og maí	Raddlestrarpróf	Raddlestrarpróf	Allir nem.	Stjórnendur/sérkennari
Sept.		Samræmd próf	Allir nem. nema með undan þágu	Stjórnendur/sérkennari/ Íslenskukennari
Okt. og maí		Orðarún	Allir nem.	Stjórnendur/sérkennari
Des. og maí	Framsögn	Framsagnarpróf	Allir	Stjórnendur/sérkennari

Viðmið um lestrarhraða - Matskvarði frá SKA

Bekkur	Austurland
1.	30 – 80
2.	60 – 130
3.	110 – 170
4.	160 – 230
5.	210 – 300
6.	250 – 300
7.	280 – 330
8.	300 – 350
9.	300 - 350
10.	300 - 350

ÖNNUR MATSTÆKI

Lesskilnings- og orðaforðapróf

Heimalestur - skráning

Bókaskýrslur – lesa bók og gera útdrátt – skriflega/munnlega

Lestaráhugi – fjöldi kjörbóka (fjöldi blaðsíðna)

Upplýsingar um prófin

Orðarún <http://lesvefurinn.hi.is/node/188>

Raddlestrarpróf http://lesvefurinn.hi.is/kennsla_arangursmidud_prof

Samræmd próf <http://www.namsmat.is/>

Framsagnarpróf http://www.vallaskoli.is/wp-content/uploads/2012/03/lestrarstefna_713064660.pdf

Stærðfræðistefna GF

Stærðfræði á Yngsta stigi (1. -3. bekkur)

Hvað er gert:

Unnið er í hópum á stöðvum. Áhersla er á að hafa verkefni í tengslum við þann kafla í námsbókinni Sprotta sem verið er að vinna með hverju sinni. Sem dæmi geta þetta verið ljósrit, námsforrit í spjaldtölvu eða námsspil.

Í stofunni eru margvísleg stærðfræðigögn aðgengileg, kubbar og fleira.

Grunnnámsefni:

1. bekkur með Sprotta 1a, 1b,
2. bekkur með Sprotta 2a, 2b,
3. bekkur með Sprotta 3a,3b.

Notum námsmatsverkefnin í lok hvers kafla í Sprotta. Niðurstöður skráðar í verkefnabók á Mentor þar sem foreldrar geta fylgst með hvernig gengur. Í lok annar er lagt fyrir námsmatsverkefni úr kennaraefni Sprotta. Umsögn á námsmatsblaði tekur mið af þessu, auk vinnulags, vinnusemi og viðhorfi til stærðfræðinnar.

Setjum inn í heimavinnuáætlun í Mentor hvaða viðfangsefni verið er að vinna með og hvenær lokaskil á námsmatsverkefnum eru til að auðvelda foreldum að fylgjast með því sem við erum að gera.

Sóknarfæri:

- Heimanám – hafa efni í tengslum við það sem við erum að vinna með í skólanum hverju sinni.
- Aukaefni þegar nemendur eiga í erfiðleikum með að ná markmiðum sem verið er að vinna með.
- Senda tölvupóst þegar við setum inn í Mentor til að auka líkur á að foreldrar skoði og fylgist með.

Skimanir og próf

Dagsetning	Matspáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
Nóvember	Reikni-aðgerðir	Talnalykill	Allir nemendur í 3. bekkjar	Skólaskrifstofa
Kannanir eftir hverja lotu	Þekking á námspáttum	Kannanir úr bók	Allir nemendur í 2. og 3. bekk	Umsjónar-kennarar
Kannanir á annarskiptum	Talnaþekking og skilningur	Úr námsefni	Allir nemendur í 1. bekk	Umsjónar-kennarar

Stærðfræði á Miðstigi (4. – 5. bekkur)

Hvað er gert:

- Unnið í lotum.
- Þrjú erfiðleikastig og unnið eftir getu hvers og eins.
- Innlagntímar fyrir hvern árgang þar sem eitt eða fleiri atriði eru tekin fyrir.
- Könnun við lok hverrar lotu.
- Læra að nota og nýta sér þjargir eins og vasareikni, tölvur, kubba, talnagrindur o.fl.
- Nýta spil og leiki
- Samvinna og umræður um lausnir.

Sóknarfæri

- Nýta spil og leiki enn meira.
- Samvinna og umræður með markvissari hætti.
- Nýta náttúru og nánasta umhverfi betur.

Skimanir og próf

Dagsetning	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
25. sept. 4. bekkur	Stærðfræði- þekking	Samræmt próf	Allir nem. (Undanþágur?)	Stjórnemendur og umsjónarkennarar
2. – 3. vika okt. 6. bekkur	Greining stöðu	Talnalykill	Allir nem.	Starfsfólk SKA
Kannanir eftir hverja lotu, 12 lotur í 4. bekk 8 lotur í 5. og 6. bekk.	Stærðfræði- þekking á hverjum námsþætti fyrir sig	Kannanir úr námsbókum	Allir nemendur	Stærðfræðikennarar

Stærðfræði í 7. - 10. bekk

Hvað er gert:

- Unnið er samkvæmt lotukerfi með „litum“. Hverjum kafla er skipt upp í 3 liti (lotur), gulur, appelsínugulur og rauður. Gulur er grunnurinn sem allir þurfa að kunna og klára. Þeir sem klára bara gulan geta mest fengið 7 í einkunn úr prófinu. Þeir sem klára gulan og appelsínugulan geta mest fengið 8 og þeir sem klára alla litina geta mest fengið 9. Í hverri lotu þarf að gera skilaverkefni en verkefnið inniheldur stærðfræðihugtök sem tengjast kaflanum. Skilaverkefnið gildir 5% af prófinu úr kaflanum. Nemendur taka munnlegt próf úr skilaverkefninu sem gildir 5% af lokaprófinu. Munnlega prófið virkar þannig að nemendur draga 5 miða og útskýra munnlega hugtökin sem þau draga.
- Í 7. bekk er unnið með Stiku 1a og 1b. Í 8. bekk er unnið með 8-tíu nr. 1 og 2.
- Innlagnatímar 1x í viku.
- Í 9. og 10. bekk er unnið með 8-tíu nr. 3, 4, 5 og 6. Einnig er unnið mikið með Almennu stærðfræðina.
- Áhersla lögð á að nemendur fái nám við hæfi, ekki síður þeir sem standa sig vel í námi.
- Krefjandi áætlanir.
- Rasmus.is sem ítarefni og sérkennsluefni

Sóknarfæri

- Vinna meira með spjaldtölvurnar.
- Meira upplýsingaflæði og gátlistar fyrir próf.
- Meiri upprifjanir fyrir próf.
- Tengja námið betur við Mentor og þau hæfniviðmið sem þar eru.
- Meira samstarf milli stiga.
- Vinna meira með með rannsóknir og tilraunir.
- Þriggja anna kerfi.
- Vinna með áhugasvið nemenda.
- Enn meira krefjandi áætlanir.
- Vinabekkir – kenna yngri nemendum til upprifjunar.

Skimanir og próf

Dagsetning	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Umsjón
23. sept. 7. og 10. bekkur	Stærðfræði- þekking	Samræmt próf	Allir nem. (Undanþágur?)	Stjórnendur og umsjónarkennarar

